

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Margrétar Auðunsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. júní 1972. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Margrétar Auðunsdóttur frá Dalsseli.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Margrétar Auðunsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Margréti Auðunsdóttur, Fljótshlíðar-skóla, er fæddist að Dalsseli undir Eyjafjöllum 28. maí 1912 og andaðist 10. febrúar 1972. Stofnendur sjóðsins eru: Jónatan Jakobsson, eiginmaður Margrétar sálugu, og börn þeirra: Auður Helga Jónatansdóttir, Sigrún Ólöf Jónatansdóttir og Benedikt Theódór Jónatansson.

Stofnfé sjóðsins er kr. 25 000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur 00/100.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru: Vextir af peningum og verðbréfum sjóðsins, gjafir, áheit og annað, er sjóðnum kann að áskotnast. Tekjurnar leggjast við höfuðstólinn með þeim takmörkunum, er segir í 6. grein.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa þrjú menn: Skólastjóri gagnfræðaskólans á Hvolsvelli, formaður skólanefndar skólans, en þriðja manninn kýs skólanefnd gagnfræðaskólans til fjögurra ára. Stjórnin kýs sér sjálf formann og skiptir með sér verkum.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita þeim nemendum viðurkenningu, sem í gagnfræðaskólanum í Hvolsvelli ná beztum árangri í íslenzku (stafsetningu, málfræði, ritgerð og bókmenntum) við landspróf eða lokapróf úr skólanum. Stjórn sjóðsins skal að loknu vorprófi ár hvert, að fengnum skriflegum tillögum frá íslenzkukennara skólans og prófdómara, úthluta verðlaunum til þess eða þeirra nemenda, sem til greina koma og að þeirra dómi eiga rétt á þeim. Engum nemanda skal þó veita verðlaun, sem ekki hefur góða fyrstu einkunn, t. d. átta, eða sambærilega einkunn, verði núverandi einkunnagjöf breytt. Þess er óskað að úthlutun úr sjóðnum fari fram 28. maí, ef ástæður leyfa.

6. gr.

Þrem fjórðu hlutum af ársvöxtum sjóðsins má verja samkv. skipulagsskrá þessari, en fjórði hluti ársvaxtanna leggst við höfuðstólinn, unz sjóðurinn er orðinn kr. 100 000.00 — eitt hundrað þúsund krónur 00/100, þá má verja fjórum fimmtu hlutum ársvaxtanna samkvæmt þessari skipulagsskrá, en fimmti hluti ársvaxtanna leggst þá við höfuðstólinn.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 1 000 000.00 — ein milljón krónur 00/100 — má verja allt að níu tíundu hlutum ársvaxtanna samkv. skipulagsskrá þessari. Tíundi

hluti ársvaxtanna leggst þó jafnan við höfuðstólinn ásamt öðrum tekjum sjóðsins. Allir ársvextir leggjast við höfuðstólinn þau ár, sem veiting úr sjóðnum fellur niður. Sé leyfð úthlutun ekki notuð að fullu, leggst afgangurinn einnig við höfuðstólinn. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

7. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta í ríkistryggðum banka, sparisjóðum eða verðbréfum, sem stjórn sjóðsins telur fullkomlega trygg. Aldrei má kaupa hlutabréf fyrir fé sjóðsins.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, nöfn, aldur, heimilisföng allra þeirra nemenda, sem verðlaun fá úr sjóðnum, ásamt greinargerð um, hvers vegna þau fengu verðlaunin. Gjafir, er sjóðnum kunna að berast og nöfn gefenda skulu færast í gerðabók, svo og samþykktir og annað er varðar hag og rekstur sjóðsins. Enn fremur ber sjóðsstjórninni að halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikninga sjóðsins, og skulu þeir þar undirritaðir af stjórn sjóðsins og endurskoðendum.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar fullgerðir fyrir lok janúarmánaðar næst á eftir. Skulu þeir síðan endurskoðaðir af sömu mönnum, sem endurskoða skólareikninga gagnfræðaskólans í Hvolsvelli. Staðfest afrit af þeim með árituðum athugasemdum endurskoðenda skal þá sent menntamálaráðuneytinu til frekari umsagnar og síðan birtir í B deild Stjórnartíðinda.

10. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari er tímar líða, ef brýnar ástæður liggja til. Þó veitir öll stjórn sjóðsins ásamt allri viðkomandi skólanefnd, svo og menntamálaráðuneytið að samþykkja breytingarnar.

Aldrei má þó breyta nafni sjóðsins né þeim aðaltilgangi hans, sem er fyrst og fremst að auka áhuga nemenda gagnfræðaskólans í Hvolsvelli fyrir íslenzku máli og bókmenntum og veita þeim, er skara fram úr, verðlaun eða styrki til framhaldsnáms, ef sjóðurinn yrði þess megnugur er tímar líða.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og þeim breytingum, sem kunna að verða gerðar á henni samkv. ákvæðum 10. greinar. Óskast hún svo birt í B deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 28. maí 1972.

Jónatan Jakobsson.

Auður H. Jónatansdóttir. Sigrún Ó. Jónatansdóttir Benedikt Th. Jónatansson.